

Ed.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Íslenzkan ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Björk, Lars-Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Svíþjóð 7. janúar 1937.
2. Dannheim, Eberhard, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Noregi 22. febrúar 1942.
3. Jensen, Egon Georg Vendelbo, matsveinn í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 3. janúar 1916.
4. Joensen, Anna Fridbjörg, kennari í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. sept. 1940.
5. Joensen, Bergleif Gannt, matsveinn í Reykjavík, f. í Færeyjum 6. apríl 1945.
6. Karl, Monika Charlotte (Ágústsson), hagfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. september 1941.
7. Nielsen, Sigrid Maria Elisabeth (Pétursson), húsmóðir í Suður-Múlasýslu, f. í Danmörk 25. febrúar 1930.
8. Pandrick, Renate (Skúlason), húsmóðir í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1939.
9. Raner, Nelly Eva (Jóhannesson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. september 1914.
10. Saur, Hiltrud Anneliese (Guðmundsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. júlí 1935.
11. Toftum, Jakop, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 18. marz 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. nr. 244 á 87. löggjafarþingi 17. febrúar 1967.